

Hættan er ljós



Á að ferma barnið þitt í vor?

Síðustu ár hefur orðið æ algengara að fermingarbörn, einkum stúlkur, sækist eftir því að vera brún þegar stóra stundin rennur upp. En brúnn húðlitur eftir ljósabekki og sólböð þarf ekki að vera tákn um heilbriggt útlit. Hann getur verið merki um skemmdir í húðinni sem leiða til ótímabærrar öldrunar húðarinnar og jafnvel húðkrabbameins.

Börn og unglingar eru næmari en aðrir fyrir skaðlegum áhrifum geislunar frá ljósabekkjum og sól. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hvetur þá sem eru yngri en 18 ára til að fara ekki í ljósabekki. Heilbrigðisyfirvöld, læknasamtök og krabbameinsfélög víða um heim hafa tekið undir þetta.

Tíðni húðkrabbameins hér á landi hefur aukist mikið á síðustu árum. Sortuæxlum hefur fjölgað mest, en þau eru alvarlegasta tegund húðkrabbameins og algengasta tegund krabbameins hjá konum á aldrinum 15-34 ára.

Við hvetjum foreldra og forráðamenn fermingarbarna eindregið til að hafa þetta í huga.

Sigurður M. Magnússon
forstöðumaður Geislavarna ríkisins

Sigurður Guðmundsson
landlæknir

Sigurður Björnsson
formaður Krabbameinsfélags Íslands

Birkir Sveinsson
formaður Félags íslenskra húðlækna